

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 59 ? 15.11.2005

Þriðjudaginn 15. nóvember, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 17.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Arnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Undirbúningur fundar, vegna stjórnarskipta í Hitaveitu Hjaltadals þann 18. nóv. nk. í dælustöðinni í Borgarmýrum.
2. Staðan í Akrahreppi.
3. Erindi frá Skagfirðingasveit, framhald frá erindi sem tekið var fyrir á stjórnarfundi 5. maí 2004
4. Borunin við Reyki í Hjaltadal (vettvangskönnun kl. 18.00).
5. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Farið yfir undirbúning að fundi þann 18. nóvember nk. þar sem verða stjórnarskipti í Hitaveitu Hjaltadals.
2. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu mála. Dæla verður sett niður í holu á Reykjarhólum á morgun miðvikudag.
3. Skagfirðingasveit óskar eftir stuðningi Skagafjarðarveitna ehf. vegna kaupa Sveitarinnar á tækjum. Páli falið að vinna frekar að málinu.
4. Páll Pálsson gerði grein fyrir árangri á borun við Reyki í Hjaltadal, en í morgun var komið í vatn á um 580 m dýpi. Vatnið er rúmlega 60 gráðu heitt og magnið 15 til 20 sek./litr.
5. Önnur mál.

Farið í vettvangskönnun að Reykjum í Hjaltadal.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)
Gisli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Pálsson (sign)